

28.11.12

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Hlínriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



Efni: Byggðakvóti Vopnafjarðarhrepps 2012/2013

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hefur fjallað um úthlutun byggðakvóta til Vopnafjarðarhrepps kvótaárið 2012/2013.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps leggur til að reglugerð frá 13. júlí 2012 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2012/2013 gildi fyrir úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Skipta skal $\frac{1}{4}$ hluta úthlutaðs byggðakvóta eftir brúttótonnum þeirra báta/skipa -og $\frac{1}{4}$ byggðakvótas jafnt milli þeirra báta/skipa,- sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og sækja um.


Eftirstöðvunum sem er $\frac{1}{2}$ úthlutaðs byggðakvóta skal skipt í hlutfalli við landaðan afla í þorskígildum talið, sem landað er á Vopnafirði 1. sept. 2011 til 31. ágúst 2012.

- b) Ekkert skip yfir 1.000 brúttótonn fær úthlutun.

- c) Í stað 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar komi nýr málslíður svohljóðandi:
„Fiskiskípum er skylt að landa afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu á Vopnafirði, á tímabilinu frá 1. sept. 2012 til 31. ágúst 2013. Aflinn skal nema í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.“ Eigandi fiskiskips skal.....

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með fyrirfram þökk og von um skjóta afgreiðslu.


Þorsteinn Steinsson
Sveitarstjóri
Vopnafirði



SVEITARSTJÓRINN
VOPNAFIRÐI